

## Tíundi fundur 2014 var haldinn að Breiðabliki 12. ágúst kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson en Þróstur Aðalbjarnason og Sigrún Erla Eyjólfadóttir báðu um að kallaðir yrðu inn vara menn vegna vanhæfis við fyrsta dagskrálið.

Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.  
Katrín Gísladóttir ritar fundargerð.

Eftirfarandi tekið fyrir:

Til afgreiðslu:

1. Beiðni um að farið verði í viðræður við Stykkishólmsbæ vegna kostnaðarþátttöku í leikskóla Stykkishólms. **Viðkomandi aðilum var gefin kostur á að rökstyðja beiðnina betur og bars svar frá tveimur heimilum. Oddviti leggur til að ekki verði orðið við beiðninni en leggur áherslu á að unnið verði að þróun leikskóladeildarinnar Laugargerðisskóla í samráði við skóla og foreldra þar sem m.a. tekið yrði mið af óskum foreldra. Oddvita falið að svara erindunum. Samþykkt með 3 atkvæðum 2 á móti. Halldór á móti, hefði viljað að hvert erindi yrði tekið fyrir sjálfstætt.**
2. Erindi stjórnar Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps frá 25.júlí 2014 og varðar beiðni um efnislega umfjöllun í hreppsnefnd um gjaldskrá og afhendingarskilmála hitaveitunnar. **Á aðalfundi hitaveitunnar sem haldinn var 30. Júlí lagði stjórn fyrir nýja gjaldskrá en henni var vísað til nýrrar stjórnar en hreppsnefnd leggur áherslu á að gefa nýrri stjórn tækifæri á að fara yfir málið og vill því bíða með að taka afstöðu til erindisins. Samþykkt samhljóða.**
3. Framlag til viðhalds og rekstrar Brákahlíðar fyrir árið 2015. **Samþykkt samhljóða.**
4. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar. **Lögð fram og samþykkt.**

Til kynningar:

5. Ársreikningar Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps fyrir árin 2012 og 2013 lagðir fram til kynningar.
6. Endurskoðunarskýrsla vegna 2013 lögð fram til kynningar.

Til umræðu:

7. Könnun oddvita á breytingu á póstnúmeri sveitarfélagsins. **Samþykkt að oddviti sendi formlega fyrirspurn til Íslandspósts.**
8. One málakerfi. **Samþykkt að fela oddvita að skoða þetta frekar.**
9. Samþykktir fyrir sveitarfélagið
10. Siðareglur fyrir sveitarfélagið

11. Innkaupareglur fyrir sveitarfélagið. **Oddvita falið að leggja fram drög að þessum reglum til skoðunar og svo samþykktar**
12. Gjaldskrár sveitarfélagsins. **Oddvita falið að yfirfara gjaldskrár og koma með drög til að leggja fyrir hreppsnefnd.**
13. Sorpmál. **Ákveðið að taka saman tölur um notkun. Samþykkt að fá ruslagám tímabundið til að gefa tækifæri á tiltekt.**
14. Umhverfi Breiðabliks. **Ákveðið að setja mold í skurðina til að hægt sé að planta í þá í vor.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Katrín Gísladóttir ( sign )  
Atli Sveinn Svansson ( sign )  
Gísli Guðmundsson ( sign )  
Halldór Jónsson ( sign )  
Eggert Kjartansson ( sign )